

2. gr.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á sama ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema þurfi sérstakt ferðalag vegna slíkrar aukaskoðunar og skal þá greiða fullt gjald fyrir skoðun.

31

28. apríl

3. gr.

Þegar eftirlitsmanni er send til umsagnar beiðni um leyfi til að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki (sbr. 4. gr. laganna) skal greiða fyrir slíka umsögn jafnhátt gjald og myndi greitt fyrir skoðun véla þeirra o. fl., sem umsögnin er um.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum frá 30. janúar 1932.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjarna Daðasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. maí 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjarna Daðasonar.

32

19. maí

Til minningar um látinn eiginmann minn, Bjarna Daðason bónda á Uppsölum í Hálsahreppi, einkum um háttarni hans og farnað í búnaði, hefi ég undirrituð lagt 3000 — þrjú þúsund — krónur í sjóð, er bera skal nafn hans, og sé sjóðurinn eign Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu.

Höfuðstólinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal árlega leggja þar við höfuðstólinn helming vaxtanna, þangað til hann er orðinn sex þúsund krónur. Þaðan af skal leggja við höfuðstólinn einn fjórða hluta vaxta.

Útborgunarvöxtum má verja til hvers þess, er ætla má að örvað geti innbúa Hálsahrepps til umbóta í haldi búpenings og annara hagsbóta í búnaði. Um bú-

32 peningsræktina skal einkum hafa tillit til sauðfjárræktarinnar, meðan svo helzt
19. maí að hún sé aðalbúrekstrargrein sveitarinnar.

Sem dæmi skal nefna:

- a. Til verðlauna fyrir beztu meðhöndlun búfjár.
- b. Til verðlauna fyrir beztu útkomu á afurðum (sauðfjár eða annars búfjár, er verulegu máli skiptir um afkomu eigandans).
- c. Veita má þeim, er búpeningsverðlaun hlýtur á sveitar eða héraðssýningu, viðbótarverðlaun.
- d. Veita má styrk til vandaðrar byggingar peningshúsa (þar með talin haughús, safnþrær og þvilíkt) og verulegra umbóta á þeim, til fjárheldra girðinga, túnbóta, engjabóta, framræslu mýra, og hvers þess, er bæta má haglendi jarðar, enda sé þetta talið hagvænlegt.

Hér eru talin nokkur atriði sem dæmi. En til greina um veitingu styrks eða verðlauna má koma hvað eina það, sem að álitum sjóðstjórnar horfir til hagsbóta um hald búpenings eða búnað yfirleitt.

Fyrir því eru ekki takmörk sett, hversu oft sami maður getur hlotið styrk eða verðlaun. En til greina getur ekki komið svo lítill fjárstofn að aðeins litla þýðingu hafi fyrir afkomu heimilis (að minnsta kosti tveggja manna).

Til greina getur sá ekki komið, sem að sjálfráðu lætur nokkurn tíma skorta á hollt heyfóður, eða matfóður til uppbotar lélegu eða oflitlu heyfóðri, svo að endast megi til fullrar hlitar fram úr lengstu vorharðindum. Um þetta fer vel á að stjórnin leiti álits fóðurskoðunarmanna hreppsins. En ekki er henni skyldugt að fara eftir því.

Til vorsins 1935 skal viðskiptabók sjóðs þessa geymast hjá bóndanum í Stóra-Ási. En það vor skal á hreppskilafundi kjósa 3 menn í stjórn sjóðsins til 5 ára, og síðan í hvert sinn er ártalið endar á 0 eða 5. Enginn þessara skal yngri vera en 30 ára. Þegar búið er að kjósa þessa 3 menn, skulu þeir sjálfir kjósa 2 sveitunga til viðbótar í stjórnina, og skulu þeir ekki yngri vera en 25 ára. Fyrsta útborgun til sveitunga af fé sjóðsins fer þá fram vorið 1936 (af útborgunarvöxtum ársins 1935). Stjórnin skal kaupa bók fyrir fé sjóðsins og bókfæra þar skilgrein um gerðir sínar jafnóðum og ársreikning hvern. Reikningurinn fylgi síðan hreppsreikningi til endurskoðunar heima í sveitinni og í sýslunefnd. Færa má til reiknings útlagðan kostnað og hæfilega þóknun fyrir veruleg ómök stjórnenda.

St. í Reykjavík 17. maí 1933.

Ástríður Jónsdóttir

frá Stóra-Ási.